

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 357/2008

2011/EES/5/41

frá 22. apríl 2008

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum g-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í V. viðauka við reglugerð (EB) 999/2001 er mælt fyrir um reglur um fjarlægingu og förgun sérstaks áhættuefnis.
- 3) Ýmsir þættir benda til jákvæðrar þróunar að því er varðar kúariðufarsóttina og að greinileg framför hafi orðið á síðustu árum í kjölfar ráðstafana til að draga úr áhættu, einkum vegna algjörs föðurbanns og fjarlægingar og förgunar sérstaks áhættuefnis.
- 4) Eitt af stefnumarkandi markmiðunum í vegvísí Bandalagsins um smitandi heilahrönnun, sem var samþykkt 15. júlí 2005 ⁽²⁾, er að tryggja núverandi stig neytendaverndar og viðhalda því með því að áfram verði tryggð örugg fjarlæging sérstaks áhættuefnis en skránni yfir þau dýr sem sérstakt áhættuefni er fjarlægt úr eða aldri dýranna verði breytt á grundvelli nýrra og breyttra vísindalegra álitserða.
- 5) Í áliti sínu frá 19. apríl 2007 komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirbyggjandi vísindabekkingar komi sennileg og greinanleg smitvirkni í miðtaugakerfi nautgripa í ljós þegar um þrjár fjórðu meðgöngutímans eru liðnir og að unnt sé að segja fyrir um hvort smitvirkni sé hverfandi lítil eða enn ekki fyrir hendi í 33 mánaða gömlum nautgripum.

- 6) Meðalaldur dýra sem greindust með kúariðu og greint hefur verið frá í Bandalaginu hækkaði úr 86 mánuðum í 121 mánuð frá 2001 til 2006. Á sama tímabili hefur aðeins verið greint frá sjö tilvikum kúariðu í nautgripum yngri en 35 mánaða af samtals 7413 kúariðutilvikum, en alls voru liðlega 60 milljónir nautgripa prófaðar í Bandalaginu.
- 7) Af þessum sökum er til vísindalegur grundvöllur fyrir því að endurskoða aldursmörk að því er varðar fjarlægingu sérstaks áhættuefnis úr nautgripum, einkum að því er varðar hryggjarsúluna. Með hliðsjón af þróun smitvirkni í miðtaugakerfi á meðgöngutíma, aldursdreifingu greindra kúariðutilvika og minnkandi váhrifum á nautgripi, sem fæddir eru eftir 1. janúar 2001, er unnt að hækka aldurstakmark þeirra nautgripa sem hryggjarsúlan, þ.m.t. mænuhnoðu, er fjarlægð úr sem sérstakt áhættuefni, úr 24 mánuðum í 30. Því ber að breyta skilgreiningu á sérstöku áhættuefni í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað ii-liðar í a-lið 1. liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

- „ii. hryggjarsúla, að undanskildum rófuliðunum, hryggjandrar og þvertindar hálsliða, brjóstliða og lendarliða og miðspjaldskambur og spjaldbeinsvængur en að meðtöldum bakrótarnhoðum dýra sem eru eldri en 30 mánaða og“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 111, 23.4.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 315/2008 (Stjtið. ESB L 94, 5.4.2008, bls. 3).

⁽²⁾ COM(2005) 322, lokagerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.
